

Gátlisti fyrir gullverkefni

Hvert sem verkefnið leiðir þarf það að mæta þessum viðmiðum til að teljast gullverkefni.

Lykilþekking, skilningur og hæfniviðmið: Verkefnið miðar að því að kenna lykilþekkingu og skilning byggt á hæfniviðmiðum. Lykilhæfni er til staðar, þar með talin gagnrýnin hugsun, lausnaleit, samvinna og sjálfstjórn.

Krefjandi athugunarefni eða spurning: Verkefnið er byggt á merkingarbæru athugunarefni sem á að leysa eða spurningu sem á að svara, hæfilega krefjandi fyrir nemendur og er stjórnað af opinni rannsóknarspurningu.

Rannsóknarvinna, spurningar settar fram og ný þekking skapast:

Verkefnið felur í sér rannsóknarferli sem spannar lengri tíma. Rannsóknin vekur upp fleiri spurningar hjá nemendum og ný þekking skapast.

Tenging við dagleg líf og raunveruleika nemenda:

Verkefnið hefur tengingu við raunveruleikann og í því felast áskoranir sem endurspegla raunveruleikann. Verkefnið hefur áhrif á nemendur og snertir við þeim, tengist áhuga þeirra og samfélagi.

Val og rödd nemenda:

Verkefnið gefur nemendum val um hvað þeir skapa, hvernig þeir vinna og hvernig þeir nýta tímann sinn. Þeir fá leiðsögn frá kennara í samræmi við aldur og reynslu af verkefnavinnu.

Ígrundun:

Verkefnið gefur nemendum tækifæri til að ígrunda reynslu sína, hvað þeir læra og hvernig. Þeir ígrunda árangur og gæði rannsóknar jafnt og þétt í rannsóknarferlinu.

Gagnrýni og endurskoðun:

Í verkefninu gefst nemendum tækifæri á endurgjöf á vinnu sína í þeim tilgangi að þróa hugmyndir sínar og vinnu. Endurgjöfin felur í sér tillögur að úrbótum og leiðum sem auka gæði verkefnis.

Kynning verkefnis:

Verkefnið krefst þess að nemendur kynni það sem þeir hafa lært með því að skapa afurð sem er kynnt fólki utan kennslustofu.